

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 985

Dagsetning: 30. maí 2023 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Óskar Reykdalsson, Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir, Jónas Guðmundsson, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, Sigríður Dóra Magnúsdóttir, Svava Kristín Þorkelsdóttir og Brjánn Jónasson, sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Anna Bryndís Blöndal, fagstjóri lyfjapjónustu HH, sat fundinn undir lið 3.

I. Efni til kynningar

1. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

2. Upplýsingamiðstöðin

Rætt um gervigreindarverkefni sem hefur verið í gangi á Upplýsingamiðstöð HH og möguleika á að semja um framlengingu verkefnisins til eins árs.

II. Efni til umræðu

3. Miðstöð lyfjaupplýsinga

Anna Bryndís Blöndal, fagstjóri lyfjapjónustu HH, kom á fundinn og fór yfir fyrirkomulag þjónustu klínískra lyfjafræðinga. Rætt var um framtíðarsýn og hvernig skipulagið í kringum lyfjafræðinga hjá HH getur verið til framtíðar.

4. Lyfjaróbotar í heimahjúkrun

Umræðu frestað til næsta fundar.

5. Auglýsingar fyrir 1700-símann

Landspítalinn og heilbrigðisráðuneytið hafa unnið grunn að auglýsingaherferð til að kynna 1700-símann og netspjall Heilsuveru. Staða verkefnisins kynnt og umræður um herferðina.

III. Efni til afgreiðslu

6. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 23. maí 2023 rædd.

Niðurstaða: Fundargerðin samþykkt án athugasemda.

Önnur mál

7. Fjárhagur HH

Rætt er um hvort höfuðstóll HH verði lækkaður aftur í sumar eins og gert var síðasta sumar. Framkvæmdarstjórn hefur áhyggjur af því að höfuðstóllinn verði lækkaður of mikið. Það geti veikt stofnunina og haft áhrif á möguleika til nýsköpunar og framþróunar.

8. Samningur við Origo

Rætt um samning við Origo um rafræn vottorð.

9. Húsnæðismál

Rætt um ráðstöfun á starfsstöðvum fyrir Upplýsingamiðstöð HH.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:20.